

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Agnes Ósk Snorradóttir

Skólinn í okkar höndum



Skólaárið 2010-2011

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Skólaárið 2010-2011 var síðara ár innleiðingar Skólans í okkar höndum í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Í starfi vetrarins var lagt upp með reynsluna af fyrra ári innleiðingar, niðurstöður sjálfsmats sem sýndi mikilvægi verkefnisins, tillögur að úrbótum frá kennurum og starfsfólki og fundargerðir hópfunða. Áfram var unnið í lýðræðislegum anda og lagt upp með jafna skiptingu verkefna yfir skólaárið.

Samþætting verkefnanna fjögurra undir Skólanum í okkar höndum gekk vel, samstarf við aðila sem tengjast verkefninu slípaðist til og hugmyndafræðin síaðist inn hjá kennurum, starfsfólki, stjórnendum og nemendum. Guðfinna Gunnarsdóttir, félagsmálafulltrúi, var verkefnisstjóri ásamt Agnesi Ósk Snorradóttur, náms- og starfsráðgjafa, á haustönn þar sem Þórunn Jóna Hauksdóttir var í leyfi frá störfum þennan vetur en þegar Guðfinna fór í barneignaleyfi tók Þórunn Jóna að sér verkefnisstjórn á vorönninni ásamt Agnesi Ósk.

Í apríl 2011 útskrifuðust Agnes Ósk og Þórunn Jóna sem verkefnisstjórar í Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli en þær höfðu stundað það vettvangsnám síðan í ágúst 2009, undir handleiðslu Þorláks H. Helgasonar framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi og Sigrúnar Ágústsdóttur yfirkennara námsins. FSu er fyrsti framhaldsskólinn á Íslandi til að innleiða Olweusaráætlunina og aðlaga hana áfangakerfi framhaldsskólastigsins.



Eignaraðild – tími – sameiginleg sýn

Eignaraðild er ein þriggja undirstaða þess að innleiðing nýrra þróunarverkefna takist vel. Verkefnisstjórar hafa gætt þess að valddreifing og valdefling séu innbyggð í hugmyndafræði Skólans í okkar höndum. Í viðleitni sinni hafa þær nýtt til hins ítrasta formgerð Olweusaráætlunarinnar. Stigveldið er byggt þannig upp að verkefnisstjórar halda utan um verkefnið og funda reglulega með hópstjórum til skrafs og ráðagerða. Hópstjórnarnir hitta í framhaldinu stjórnendur, kennara, annað starfsfólk og foreldra á hópafundum¹ – og koma efninu áfram og að lokum bera umsjónarkennarar efnið áfram til nemenda í umsjónartímum,

¹ Sjá fylgiskjal 1.

tveir og tveir saman. Fyrirkomulagið hefur gefist vel og eykur líkur á því að allir ,gangi í takt‘, stjórnunarlæg eru fá svo boðleiðir eru stuttar, stjórnunarspönn er þröng svo auðvelt er að halda utan um hvern hóp fyrir sig og boðvald er skýrt þar sem upplýsingaflæði er óheft upp og niður keðjuna.

Hópstjórar skólaveturinn 2010-2011 voru Anna Þóra Einarsdóttir, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, Helgi Hermannsson, Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir, Svanur Ingvarsson, Sverrir Ingibjartsson og Vera Valgarðsdóttir. Þess var gætt í upphafi að hópstjórnarnir væru með sem breiðastan bakgrunn í starfi skólans, ástæðurnar eru einkum mikilvægi þess að heyra ólíkar raddir þeirra sem koma beint að skólastarfi innan veggja skólans, virkt samráð og dreifð eignaraðild í verkefninu. Allir þessir hópstjórar voru líka í því hlutverki fyrri vetur innleiðingarinnar, það skapar nauðsynlega festu í verkefninu. Alveg eins og stöðugleiki í hópi hópstjóra er nauðsynlegur meðan á innleiðingu stendur er mikilvægt að hæfileg hreyfing sé í hópnum eftir það. Best væri ef hver hópstjóri væri í verkefninu í 2-3 ár, það myndi þýða áframhaldandi festu um leið og eðlileg endurnýjun ætti sér stað. Hreyfing á lykilmálum er prófsteinn á það hvort náðst hafi að stofnanafesta verkefni eða hvort það lognast út af þegar forsprakkanna nýtur ekki lengur við.

Nægur tími er önnur undirstaða þess að innleiðing verkefna heppnast og þau stofnanafestast. Umsjónartíminn var lengdur vegna Skólans í okkar höndum og verkefnið fær líka nauðsynlegan tíma af fundartíma starfsfólks, án þessarar tímaaukningar væri verkefnið ekki til, þess vegna er mikilvægt að nýta tímann vel og eins og til er ætlast. Tvö ár er lágmarkstími í innleiðingu, sérstaklega þegar um er að ræða verkefni sem á að setja mark sitt á allt starf innan veggja skólans og ná til allra hagsmunaaðila lærdómssamfélagsins – líkt og ætlunin er með Skólann í okkar höndum. Í raun munu næstu 3-5 ár skera úr um hvort markmið verkefnisins hafi náðst og þá um leið hvort verkefnið lifir áfram.

Sameiginleg sýn er þriðja undirstaða þess að verkefni verði órjúfanlegur hluti af starfsemi stofnunar eftir að innleiðingu lýkur. Í raun er þetta mikilvægasta undirstaðan því hún snertir hjarta stofnunarinnar: Sameiginleg gildi, viðmið og viðhorf. Það er staðreynd að framhaldsskólar eiga á hættu að verða í raun margar litlar einingar sem hver um sig hefur þröngt sjónarhorn á tilgang og áherslur í námi. Áherslan á árangur í fagi verður ofar áherslunni á árangur miðað við heildarsýn og markmið með skólagöngu. Sýn Skólans í okkar höndum er lóð á vogarskálar þess að einingarnar verði að heildstæðri mynd, um það vitnar markmið verkefnisins: Heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu nemenda og starfsfólks – til eflingar lærdómssamfélagsi FSu. Meiningin er sú að árangur í námi og starfi tengist vellíðan órjúfanlegum böndum.

Að lokum verður að geta þess að margt annað vinnur með Skólanum í okkar höndum, sem dæmi má nefna umræðu um neikvæðar hópamyndanir sem verður að ráða bug á í skólanum, stjórnendur sem hafa sýnt skuldbindingu gagnvart verkefninu, niðurstöður úr sjálfsmati kennara þar sem verkefnið er talið þarft framtak, áherslu menntamálaráðherra á aðgerðir gegn einelti og almenna umræðu í samfélaginu um einelti og nauðsyn þess að gæta náunga síns í kreppunni. Það sem helst vinnur gegn stofnanafestingu og framhaldsslífi Skólans í okkar höndum er niðurskurður. Samdráttur í fjárframlögum til verkefnisins hefur orðið til þess að samráð verkefnisstjóra við hópstjóra er minna en áður og að sama skapi getur samráð hópstjóra við hópana minnkað sem aftur getur leitt af sér að umsjónarkennarar geta orðið óöruggir í því hlutverki sínu sem snýr að Skólanum í okkar höndum og lærdómssamfélagið almennt missi áhugann. Afleiðingin getur orðið sú að mannauðurinn verður aldrei að félagsauð, þá er samtakamáttur heildarinnar úr sögunni og uppskeran ekki í samræmi við sáningu. Munum að lýðræðisleg vinnubrögð krefjast þátttöku allra, þau taka tíma og kosta sitt – en þau leiða líka að árangri, samheldni og sjálfsvirðingu.

Hlutverkaskipting

Við skilgreiningu hlutverka þótti eðlilegt að ganga út frá yfirmarkmiði Skólans í okkar höndum og markmiðum hvers verkefnis fyrir sig.² Yfirmarkmiðið vísar til þess að heilbrigði byggist á þremur heilsuþáttum: Líkama, sál og mannlegum samskiptum. Lærdómssamfélag er gagnsæ þýðing á Professional learning community (PLC). Það felur í sér fagvitund, lærdóm og samfélag. Það staðfestir viðurkenningu á að allir hagsmunaaðilar bera ábyrgð á skólastarfi: Skólastjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, nemendur, foreldrar, skólayfirvöld á svæðinu og menntapólitísk yfirvöld. Markmið hvers verkefnis fyrir sig – Olweuss, skólabrags, dagamunar og heilsueflingar – tengist markmiðum hinna verkefnanna beint og saman eru þau grunnur yfirmarkmiðs Skólans í okkar höndum. Heilsueflandi framhaldsskóli kom inn sem nýtt verkefni undir hatti Skólans í okkar höndum þetta skólaár. Það er verkefni í mörgum framhaldsskólum landsins, á vegum Lýðheilsustöðvar.

Í fylgiskjali 2 sést hlutverkaskipting hvers og eins miðað við verkefnin í Skólanum í okkar höndum. Lífsleiknikennarar gegna mikilvægu hlutverki í Olweusaráætluninni. Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í Olweusaráætluninni og skólabrag, misjafnt hvort/hvernig þeir koma að dagamun og Lýðheilsustöð nefnir þá ekki í markmiði sínu um heilsueflandi framhaldsskóla. Nemendur gegna veigamiklu hlutverki í öllum verkefnum

² Sjá fylgiskjal 2.

fjórum, þeir eru vissulega ástæðan fyrir þessu öllu! Allt starfsfólk er mikilvægir þátttakendur í Olweusaráætluninni og skólabrag en hefur ekki skilgreint hlutverk í dagamun og heilsueflingu. Nærsamfélag og nemendur eru mikilvægir aðilar í heilsueflandi framhaldsskólum skv. Lýðheilsustöð en t.d. lífsleiknikennarar og lærdómssamfélagið ekki nefnt. Innan skólans var ákveðið að umsjónarkennarar og allt starfsfólk kæmi að heilsueflingunni með beinum hætti en þessir aðilar eru ekki nefndir hjá Lýðheilsustöð, þess vegna er brotalína notuð.

Skólinn í okkar höndum hefur tengingar út fyrir verkefnið sjálft. Á skólaárinu 2010-2011 þótti ástæða til að skerpa á þessum tengingum m.t.t. hlutverka. Ragnheiður Ísaksdóttir, námsferilsstjóri, hefur skipulag umsjónarkerfisins á sinni könnu. Framvegis verður gengið út frá því að hún skipuleggi samtals sex umsjónartíma á hverri önn, tvo í upphafi, tvo um miðbik annar og tvo í lokin. Aðrir umsjónartímar verða alfarið í höndum verkefnisstjóra Skólans í okkar höndum. Skólinn í okkar höndum stóð fyrir Vinadögum í byrjun mars í samstarfi við Starfsmannafélag FSu, tókst sú samvinna með miklum ágætum. Lífsleikni tekur að einhverju leyti fyrir einelti, höfðu verkefnisstjórar frumkvæði að því að skipst væri á upplýsingum um fræðsluna þar og í Skólanum í okkar höndum, þótt hlutverkaskipting hafi verið sett niður árið á undan.³

Guðfinna, félagsmálafulltrúi, var tengiliður Skólans í okkar höndum við nemendaráð á haustönn og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir, hópstjóri, tók við því starfi á vorönn. Íris Þórðardóttir, forvarnarfulltrúi, sinnir hefðbundnu forvarnarstarfi og starfar með forvarnarteymi. Líkt og forvarnarfulltrúar víða í öðrum framhaldsskólum er hún tengiliður við Héðin Svarfdal Björnsson, verkefnisstjóra framhaldsskólafræðslu, en hann sér um heilsueflandi framhaldsskóla fyrir Lýðheilsustöð. Skipaður var stýrihópur sem samanstóð af verkefnisstjórum, forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa, hittist hópurinn einu sinni. Þar sem hann hefur ekki skýrt skilgreint hlutverk er farsælla að þessir aðilar hafi óformlega samvinnu og formlega fundi þegar þurfa þykir, annars vegar vegna samstarfs við nemendur og hins vegar vegna heilsueflandi framhaldsskóla.

Skólinn í okkar höndum er í grunninn verkefnaskipulagt,⁴ þannig er skerpt á því að störf þeirra sem að verkefninu koma eru sniðin að verkefninu frekar en að þátttakendur hafi skilgreindar starfslýsingar sem verkefnið er sveigt að. Áherslan er á verkefnið en ekki persónur. Þetta hentar vel nýjum, lifandi verkefnum með skýr og leiðandi markmið og sveigjanlegum verkefnum sem þróast í meðförum þeirra sem að þeim koma. Hvort tveggja á

³ Sjá skýrslu um Skólann í okkar höndum skólaárið 2009-2010.

⁴ Sjá fylgiskjal 2.

við um Skólann í okkar höndum. Samt sem áður þótti ástæða til þess að setja upp skipurit þegar skerpt var á hlutverkum. Frá áramótum hefur því verið starfað að Skólanum í okkar höndum í samræmi við svokallað fléttuskipulag⁵ en slíkt skipurit hentar best afmörkuðu verkefni eins og Skólinn í okkar höndum er, þá er það í ágætu samræmi við formgerð verkefnisins. Fléttuskipulag hentar vel einsleitum verkefnum og einsleitum hópum, hér er það einmitt sniðið að ákveðnu viðfangsefni innan heildstæðrar skipulagsheildar. Skipulagið hefur tvær víddir, boðvald og ábyrgð eru lóðrétt en skipting eftir viðfangsefnum og samhæfing lárétt. Stjórnunarlögin (lóðrétt) eru fá, utan um eitt afmarkað verkefni og skipuritið felur í sér dreifstýringu (lárétt), ákveðinn sveigjanleika. Hvert viðfangsefni (lóðrétt) er aðlagð að hóp (lárétt).

Áhugi utanaðkomandi aðila

Það er ánægjulegt fyrir lærdómssamfélag FSu að áhugi utanaðkomandi aðila hefur verið



nokkur á líðandi skólaári. Það er mikil viðurkenning fyrir það starf sem unnið er í Skólanum í okkar höndum og eflir verkefnisstjóra í að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur

verið í samráði við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk.

Menntaverðlaun Suðurlands féllu í skaut Skólans í okkar höndum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í janúar. Verðlaunin eru á vegum menntanefndar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og sagði Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður nefndarinnar, m.a. í rökstuðningi fyrir verðlaununum: „Fjölbrautaskóli Suðurlands er fyrsti framhaldsskóli sem tekur upp og starfar samkvæmt Olweusaráætluninni gegn einelti.

Er það mat menntanefndarinnar að Fjölbrautaskóli Suðurlands gæti tekið að sér leiðtogahlutverk á sviði framhaldsskóla í því efni.“

Í upphafi skólaárs kynnti Þórunn Jóna Olweusaráætlunina í FSu á fjölmennum, opnum fundi í Sunnulækjarskóla á Selfossi, Þórunn Jóna var jafnframt ritari fundarins. Fundurinn var sá fyrsti í fundarherferð um landið, að herferðinni



⁵ Sjá fylgiskjal 3.

stöðu Heimili og skóli, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin á Íslandi og Ungmennaráð SAFT. Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur forvitnast um verkefnið, sérstaklega þann þátt er fjallar um Olweus. Í febrúar komu Jóhanna Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðis, Ragnar Sigurðsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Ölfuss og Bragi Bjarnason, íþrótta- og tólmundafulltrúi og kynntu sér Skólann í okkar höndum. Þórunn Jóna og Íris kynntu alla þætti verkefnisins⁶ og svöruðu spurningum gestanna. Mikil ánægja kom fram með verkefnið og vilji til að kynna það betur í nærumhverfi gestanna. Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir kynningu í ráðuneytinu á verkefninu, sérstaklega samþættingu heilsueflandi framhaldsskóla í verkefnið og Agnes Ósk kynnti Skólann í okkar höndum með áherslu á Olweus fyrir skólanefnd FSu á vorönn.

Verkefnisstjórar lýsa enn yfir áhuga sínum á því að halda stóran fund með öllum aðilum lærdómssamfélagsins um Skólann í okkar höndum. Sá fundur gæti verið skólafundur líkt og kveðið er á um í 9. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með þátttöku fleiri aðila en minnst er á í lagaákvæðinu. Nánar er fjallað um skólafund í fylgiskjali 1 í skýrslu um Skólann í okkar höndum skólaárið 2009-2010.

Verkefni skólaársins

Þetta síðara ár innleiðingar er ljóst að starf að verkefnum Skólans í okkar höndum er að taka á sig ákveðna mynd. Í upphafi anna hittast verkefnis- og hópstjórar og leggja drög að dagskrá viðkomandi annar: Skiptingu úthlutaðra umsjónar- og hópfundartíma kennara og starfsfólks á verkefni fjögur, dagskráin er kynnt á kennarafundi í upphafi annar.⁷ Byggir skiptingin á áætlunum ársins á undan um verkefni næsta skólaárs. Verkefnis- og hópstjórar hittast svo jafnt yfir önnina til að skipuleggja 2-3 næstu verkefni, í framhaldi af því hitta hópstjórnir kennara og starfsfólk á hópafundum. Í framhaldi hitta umsjónarkennarar umsjónarnemendur sína. Í lok skólaárs er litið yfir farinn veg og mat lagt á hvað hefur áunnist.⁸ Þessi háttur er skilvirkur og stuðlar að því að allir séu á sömu nótum. Mikilvægt er að veita tíma og fé í samráð, að allar raddir heyrast er grunnþáttur Skólans í okkar höndum.

Olweus. Hefð er komin á það að í byrjun hveirrar annar fer fram upprifjun á Olweusi hvað varðar skilgreiningu á einelti, hvert nemendur gera leitað ef þeir hafa grun um einelti og í því sambandi er áhersla lögð á hlutverk umsjónarkennarans. Á skólaárinu var

⁶ Sjá fylgiskjal 4.

⁷ Sjá dagskrá haustannar í fylgiskjali 5 og dagskrá vorannar í fylgiskjali 6.

⁸ Sjá fylgiskjal 7.

eineltishringur Olweusar kynntur í umsjón⁹ og hann hengdur upp víða í skólanum. Um er að ræða plakat sem unnið er í FSu og aðlagð að eldri nemendum. Eineltishringurinn sýnir fram á að einelti er ekki svart-hvítt: Annaðhvort ertu gerandi eða þolandi eða hlutlaus. Hlutverkin eru mörg, jafnt virkra gerenda sem óvirkra. Vonandi fær FSu bráðum eineltishringinn fullunninn á plakati svo hægt sé að hafa hann meira sýnilegan en þeirrar sendingar hefur lengi verið beðið frá Olweusaráætluninni á Íslandi.

Á vorönn var svo grænn dagur í FSu í mars, var hann hugmynd frá hópstjóra. Dagurinn var haldinn til heiðurs græna karlinum í eineltishring Olweusar, hann er tákn fyrir verndara, þann sem er á móti einelti og hjálpar eða reynir að hjálpa þolanda eineltis. Verkefnisstjórnir tóku á móti starfsfólki að morgni dags og buðu því græna borða í barminn en það var frekar lítið að gera hjá þeim því flestir skörtuðu einhverju grænu. Uppátækið vakti athygli nemenda en þeim var kynntur eineltishringurinn



í umsjónartíma þennan dag. Annar umsjónartími var nýttur til að sýna áhrifaríkt myndband þar sem selfysskur, fullorðinn maður talar af yfirvegun um einelti sem hann varð fyrir í æsku. Nauðsynlegt þótti að taka umsjónartíma undir umræðu um fordóma, þótt upphaflega hafi verið lagt upp með að nýta tímann í gagnvirkar samræður við nemendur um námsframboð vegna nýrra námsbrauta. Á tímabilinu mars 2010 til apríl 2011 voru skráð 10 eineltismál í FSu.

Skólabragur. Á haust- og vorönn nýttu umsjónarkennarar einn umsjónartíma til að hrista saman umsjónarnemendur. Margir nýttu sér leiki og þrautir sem finna má á innra vef skólans en áhugasamur umsjónarkennari hafði opnað þar möppu sem í hafa safnast leiðir sem má nota til að þjappa saman hópum. Eins og nefnt hefur verið var lagt upp með að fá skoðanir og tillögur nemenda um námsbrautir og námsframboð en nauðsynlegt var að fara í fræðslu og umræðu um fordóma. Einnig hafa verið nefndir leynivínadagar í samstarfi við Starfsmannafélag FSu. Þá var safnað í hugmyndabanka vegna 30 ára afmælis skólans næsta haust. Hugmynda hafði verið safnað hjá starfsfólki en í umsjónartíma í mars var komið að nemendum að láta hugmyndaflugið njóta sín.

Dagamunur. H-eldri nema kaffi fór af stað á haustönn eftir nokkra anna hlé, undir stjórn Írisar og SAM-áfanga á sjúkraliðabraut. Hópurinn hittist eins og hægt er í Odda. Því er velt upp hvort hægt sé að vera í samvinnu við Sam-áfangann á sjúkraliðabraut þegar áfanginn er í boði, 4. hverju önn, og gefa kaffinu tækifæri á að lifa sjálfstætt á milli. Í byrjun skólaárs

⁹ Sjá fylgiskjal 8.

var bryddað upp á þeirri nýjung að halda nýnemadag, var hann viðbragð við mati starfsfólks á Skólanum í okkar höndum vorið 2010 og niðurstöðum úr eineltiskönnun Olweusar sem fór fram í skólanum haust 2009. Nýnemadagurinn var skipulagður af forvarnarteymi skólans: Agnesi Ósk, Guðfinnu og Írisi. Komdu með út í geim eða stjörnumerkjadagar voru haldnir í annað sinn í FSu á haustönn. Að þessu sinni var sótt um styrk til Lýðheilsustöðvar og í Velferðarsjóð barna til framkvæmdar á nýnemadegi og Komdu með út í geim. Sérskýrslur um viðburðina voru unnar af forvarnarteyminu.¹⁰ Á vorönn var hugmyndum safnað um viðburði og uppákomur vegna Kátra daga, í samstarfi við nemendafélag FSu. Að öðru leyti eru Kátir dagar og Flóafár í höndum nefnda og skila þær sérskýrslum um viðburðina.

Heilsueflandi framhaldsskóli. Þetta skólaár var nýtt til undirbúnings þess að næsta skólaár verður áhersla á næringu, þegar FSu verður heilsueflandi framhaldsskóli. Í upphafi annar var lögð var fyrir könnun í umsjón þar sem skoðað var ýmislegt sem tengist næringu nemenda á skólatíma, voru niðurstöður könnunarinnar sendar til umsjónaraðila nemendamötuneytis.¹¹ Í nóvember komu frá Lýðheilsustöð Héðinn Svarfdal Björnsson, verkefnisstjóri framhaldsskólafræðslu og Bryndís Elfa Gunnarsdóttir, næringarfræðingur. Þau sátu fund með stjórnendum, verkefnisstjórum Skólans í okkar höndum og forvarnarteymi, kynntu heilsueflandi framhaldsskóla á kennarafundi og enduðu heimsóknina á fundi með matráðum skólans og stjórnendum. Í desember fóru Örlygur skólameistari, Agnes Ósk og flestir starfsmenn mötuneyta FSu á opið hús og kynningu í Flensburg en hann er stýriskóli heilsueflandi framhaldsskóla. Í kjölfarið var bætt við bókakost FSu hvað varðar fræðsluefni um næringu og fjárfest í vatnskæli sem verður kominn upp næsta haust.

Héðinn kom aftur á vorönn til að fylgja verkefninu eftir og hitti þá Þórunni Jónu, Írisi og Ragnhildi Elísabetu. Hann lýsti yfir ánægju sinni með áhuga skólans á verkefninu og drifkraft í undirbúningi, þá leist honum vel á hvernig hægt er að flétta heilsueflandi framhaldsskóla inn í Skólann í okkar höndum þar sem meginmarkmið eru þau sömu. Verkefnisstjórar og forvarnarfulltrúi sátu þess utan fundi með matráðum skólans en þær bera vissulega hitann og þungann af næringarhluta heilsueflandi framhaldsskóla. Í umsjónartíma í apríl var hnykkt á verkefninu Skólanum í okkar höndum í umsjónartíma með sérstaka áherslu á heilsueflandi framhaldsskóla.¹² Þess ber að geta að Agnes Ósk er í faghópi Lýðheilsustöðvar vegna geðræktarhluta verkefnisins og Íris er í faghópi vegna lífsstíllshlutans.

¹⁰ Sjá fylgiskjal 9.

¹¹ Niðurstöður eru líka hjá stjórnendum, verkefnisstjórum og forvarnarteymi.

¹² Sjá fylgiskjal 10.

Á þessu skólaári voru eyðublöðin Tilkynning um (grun um) einelti og Verkferill þegar upp kemur (grunur um) einelti endurbætt í samræmi við reynslu af notkun þeirra. Þessi eyðublöð er nú hægt að nálgast á heimasíðu Skólans í okkar höndum. Þau hafa reynst afskaplega mikilvæg tæki, gera vinnubrögð markviss, hröð og fumlaus. Þá var tengillinn einelti@fsu.is virkjaður. Eineltisteymi skólans: Örlygur, Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari, Agnes Ósk og Álfhildur, náms-og starfsráðgjafi tók í notkun verkferil sem gildir þegar teymið fær tilkynningu um (grun um) einelti. Kennarar og starfsfólk hefur líka brugðist við andfélagslegri hegðun með sýnilegum hætti í vetur og látið eineltisteymi vita af slíkri hegðun.

Verkefnisstjórnarnir héldu úti lifandi síðu um Skólann í okkar höndum á vef FSu (http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=1345&Itemid=382), þar birtust fréttir jafnóðum og hlutirnir gerðust. Starfsfólk tölvuþjónustu var afar hjálpsamt í þeirri vinnu. „Rauði veggurinn“ svokallaði var vel nýttur undir hvatningu og tilkynningar, hann blasir við þegar komið er inn um kennarainngang skólans.

Framundan

Næsta skólaár, 2011-2012, er óskrifaðra blað en æskilegt er. Best er að leggja drög að næsta skólaári í lok fyrra skólaárs, í samstarfi verkefnisstjóra og hópstjóra. Þar sem drög voru ekki lögð í lok líðandi skólaárs voru nokkur atriði kynnt sem möguleg verkefni í Skólanum í okkar höndum skólaárið 2011-2012, á skólafundi í apríl.¹³

Áætlað er að *Olweus* verði á sömu nótum og augu lærdómssamfélags FSu opnuð fyrir því að einelti þrífst þar sem ekki er spornað gegn því. Í *skólabrag* kemur til greina að eiga samráð við nemendur um námsbrautir og námsframboð þar sem slíkt var ekki gert þetta skólaár, eins og lagt var upp með. Samkvæmt skipulagi var hugmyndin að fara í umræðu í lærdómssamfélaginu um réttindi og skyldur og gildi FSu en óvíst hvort það verði gert. Þá kom upp hugmynd hjá kennara að fjalla um grunnþætti menntunar sem eiga að fléttast inn í allt skólastarf, þ.e. sköpun, sjálfbærni, læsi, lýðræði, jafnrétti. *Dagamunur* verður á sömu nótum, fastir liðir eins og venjulega og brugðist við ef nýjungar koma upp. *Heilsueflandi framhaldsskóli* mun einblína á næringu skólaveturinn 2011-2012 og verður fræðsla og uppákomur í samstarfi við Lýðheilsustöð sem heldur utan um verkefnið á landsvísu.

¹³ Sjá fylgiskjal 7.

Í september á FSu 30 ára afmæli. Verkefnisstjórar Skólans í okkar höndum hafa hug á að verkefnið sé sýnilegt í hjarta skólans, það er í samræmi við áherslur um að það sé órjúfanlegur hluti skólahalds og að allir eigi hlutdeild í verkefninu.

Anna Póra Einarsdóttir

- Aðalbjörg Kristín
- Elisabet Harðardóttir
- Guðmundur Björgvin
- Ida Lön
- Jón Özur Snorrason
- Kristín Þórarinsdóttir
- Kristján Þórðarson
- Már Ingólfur Másson
- Paola Yr Daziani
- Ragnheiður Eiríksdóttir
- Renata Lis
- Skúli Halldórsson
- Vilborg Magnúsdóttir
- Arnlaugur Bergsson

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

- Álfhildur Eiríksdóttir
- Brynhildur Geirsdóttir
- Elisabet Valtýsdóttir
- Ingi S. Ingason
- Kristín Arna Bragadóttir
- Kristín Guðrún Gíslad.
- Kristjana Sigmundsd.
- Margrét Jónína
- Stefán Þorleifsson
- William Varadaraj
- Þór Stefánsson
- Ægir Pétur Ellertsson
- Anna Sigríður Árnad.

Helgi Hermannsson

- Ása Nanna Mikkelsen
- Eysteinn Jónasson
- Hestabraut
- Hulda Finnlaugsdóttir
- Ingibjörg Ó. Sigurðard.
- Katrín Tryggvadóttir
- Kjartan Ólason
- Lárus Ágúst Bragason
- Ragnar Geir Brynjólfss.
- Sigríður Sæland
- Sveinn E. Magnússon
- Þórarinn Ingólfsson
- Þórey Hilmarisdóttir
- Ingvaldur Jónsdóttir

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir

- Brynja Ingadóttir
- Gísli Skúlason
- Hrönn Baldursdóttir
- Hörður Ásgeirsson
- Ingvar Bjarnason
- Kristín Sigurmarsdóttir
- Ólafur Bjarnason
- Ragnheiður Ísaksdóttir
- Rósa Marta Guðnadóttir
- Þórunn Elva Bjarkadóttir
- Ægir Sigurðsson
- Örlygur Karlsson
- Málfríður Garðarsdóttir
- Heimavist

Svanur Ingvarsson


- Björgvin E. Björgvinsson
- Fanney Stefánsdóttir
- Inga Magnúsdóttir
- Íris Þórðardóttir
- Jóhanna Guðjónsdóttir
- Kristín Stefánsdóttir
- Magnús Ásgeirsson
- Sigríður Sigfúsdóttir
- Sigurður Grímsson
- Ræstitæknir
- Örn Óskarsson
- Helgi Þorvaldsson
- Gunnþórunn Klara

Sverrir Geir Ingibjartsson

- Guðríður Egilsdóttir
- Bryndís Guðjónsdóttir
- Erlingur Brynjólfsson
- Ester Yr Jónsdóttir
- G. Tyrfingsson
- Hannes Stefánsson
- Jón Sigursteinn
- Jóna Ingvarsdóttir
- Magnús Tryggvason
- Nanna Þorláksdóttir
- Sólrún Stefánsdóttir
- Þorsteinn Bergmann
- Ólafur Einarsson
- Alma Sigurjónsdóttir

Vera Valgarðsdóttir

- Akademiur
- Bergljót Einarsdóttir
- Eyvindur Bjarnason
- Grímur Lúðvíksson
- Guðbjörg Dóra Sverrisd.
- Helga Jóhannesdóttir
- Jón Grétar Hafsteinsson
- Kristín Runólfssdóttir
- Kristjana Bárðardóttir
- Ragnheiður Blöndal
- Steinunn Óskarsdóttir
- Úlfur Björnsson
- Þorvaldur Guðmundss.
- Gylfi Þorkelsson



Lærdómssamfélag ...

... er gagnsæ þýðing á Professional learning community (PLC).


... felur í sér fagvitund, lærdóm og samfélag.

... staðfestir viðurkenningu á að allir hagsmunaaðilar bera ábyrgð á skólastarfi

-skólastjórnendur, kennarar, annað starfsfólk, nemendur, foreldrar, skólayfirvöld á svæðinu, menntapólitísk yfirvöld.

Hlutverk

- Lífsleiknikennarar hafa skilgreint hlutverk í Olweus
- Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í Olweus og skólabrag en misjafnt hvort/hvernig þeir koma að dagamun og Lýðheilsustöð nefnir þá ekki í markmiði sínu
- Nemendur eru ástæðan fyrir þessu öllu!
- Allt starfsfólk er mikilvægir þátttakendur í Olweus og skólabrag, misjafnt hvort/hvernig þeir koma að dagamun og Lýðheilsustöð nefnir það ekki.
- Lærdómssamfélagið á að koma að Olweus og skólabrag en hefur ekki hlutverk í dagamun og heilsuefningu.
- Nærsamfélagið og nemendur eru mikilvægir aðilar skv. Lýðheilsustöð en t.d. Lífsleiknikennarar og lærdómssamfélagið ekki nefnt. Brotalínan hjá umsjónarkennurum og öllu starfsfólki er því við ákváðum að troða okkur í verkefnið með beinum hætti.



ÞJH 29.11.2010

Skipurit Skólans í okkar höndum

Ekki skipulagsheild heldur viðfangsefni: áhersla á aðkomu að verkefni (Skólinn í okkar höndum) → Fléttuskipulag (matrix) ...


- ... þjónar stefnu Skólans...: markmið og eignaraðild allra
- ... hentar vel einsleitum verkefnum (sjá markmið Skólans ...) fyrir einsleita hópa (FSu)
- ... hvert viðfangsefni (lóðrétt) aðlagað að hóp (lárétt)...
- hefur tvær viddir: boðvald og ábyrgð lóðrétt, skipting eftir viðfangsefnum og samhæfing (samstarfshópar) lárétt
- ... stjórnunarlæg (lóðrétt) eru fá: eitt afmarkað verkefni
- ... felur í sér dreifstýringu (lárétt): sveigjanleika
- Sjá t.d. skipurit HÍ og menntamálaráðuneytis

ÞJH 29.11.2010



Verkefnisstjórar:
 Agnes Ósk Snorradóttir
 Þórunn Jóna Hauksdóttir

Sambætting verkefna



2

Stýrihópur


- Verkefnisstjórar
 - Annar þeirra er náms- og starfsráðgjafi
- Forvarnarfulltrúi: Íris Þórðardóttir
 - Dagamunur
 - Tengiliður við Lýðheilsustöð vegna heilsuefandi framhaldsskóla
- Félagsmálafulltrúi: Ragnhildur Elísabet Sigfúsd.
 - Tengiliður við nemendaráð
 - Hópstjóri

Markmið

- Heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu nemenda og starfsfólks – til eflingar lærdómssamfélagi FSu.



3



Verkefni vor 2011

- Olveus
 - Þjöppun umsjónarhópa
 - Myndband þolanda
 - Grænn dagur
- Skólabragur
 - Námsbrautaframboð
 - 30 ára afmæli FSU
- Dagamunur
 - Kátir dagar
 - Flóafár
- Heilsuefandi frhsk.
 - Kynning
 - Undirbúningur

6

Olweus gegn einelti

- Fyrsti framhaldsskólinn á Íslandi
- Verkefnisstjórar í þjálfun hjá Olweus á Íslandi
- Stöðluð eineltiskönnun haust 2009
- Tilkynning þegar upp kemur (grunur um) einelti
- Verkferill þegar upp kemur (grunur um) einelti
- einelti@fsu.is



7



9

Heilsueflandi framhaldsskóli

- Verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar
 - Tengiliður FSu er forvarnarfulltrúi
- Mataræði, hreyfing, geðrækt, lífsstill
 - FSu á meðlimi í undirbúningshópum
- Viðurkenningar og verðlaun
 - gull, silfur og brons auk fána



Stjörnumerkjadagar 2010

- Haldnir í annað sinn 6. og 7. okt. 2010
- Allir nemendur og starfsfólk skólans fengu boli með sínu stjörnumerki og hvert merki fékk ákveðið pláss í skólanum



Nýnemadagur 2010

Haldinn í fyrsta sinn sl. haust



- Öllum nýnemum boðið að koma og kynna sér skipulag og starfsemi skólans, með stöðvafyrirkomulagi
- Endað á ratleik og mat



Menntaverðlaun Suðurlands: Skólinn í okkar höndum



Skólinn í okkar höndum haustið 2010- skipulag

- } **20. ágúst** nýnemadagur
- } **2. September** vinnufundur hópstjóra
- } **2. September- umsjón**
 - } Þjappa

22. september- miðvikudagsfundur

Olweus rifjaður upp- einelti @fsu.is, stjórnúmerkjadagar, hópar hittast og ræða um hvernig væri hægt að standa að þemadögunum

23.september- umsjón

- } Einelti líðst ekki í FSu-yfirlýsing
- } Einelti@fsu.is kynnt
- } Hlutverk umsjónarkennarans
- } “Komdu með út í geim”
- } kynning og mat

30. September umsjón

- o Skipulag Komdu með út í geim/stjórnúmerkjadaga kynnt /með Heiðu

6.október - miðvikudagsfundur Komdu með út í geim –þemadagar ræstir, ætlast til þess að kennarar/starfsfólk taki þátt

7. október stjórnúmerki funda-umsjón**8. nóvember vinnufundur með hópstjórum**

17. Nóvember miðvikudagsfundur Heilsueflandi framhaldsskólar, Lýðheilsustöð

18. Nóvember- umsjón-Nemendur fá kynningu á Heilsueflandi framahaldsskóla

nemendur svara lista um næringu

Tveir vinnufundir með hópstjórum

Þrjú miðvikudagsfundir með öllu starfsfólki (22.sept, 6.okt.,17.nóv)

Fimm umsjónartímar



Markmið

- Heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu nemenda og starfsfólks – til eflingar lærdómssamfélagsi FSu.




Verkefni annarinnar

- Olweus
 - Þjöppun umsjónarhópa
 - Umsjónarkennarinn
 - einelti@fsu.is
- Skólabragur
 - Námsbrautaframboð
 - 30 ára afmæli FSu
- Dagamunur
 - Kátir dagar
 - Flóafár
- Heilsueflandi frhsk.
 - Kynning
 - Undirbúningur



Fundaáætlun


- Umsjónarfundir
 - 13. janúar
 - 27. janúar
 - 3. febrúar
 - 17. febrúar
 - 10. mars
 - 24. mars
 - 7. apríl
- Miðvikudagsfundir
 - 2. febrúar
 - 9. mars



Gangi ykkur vel
í leik og starfi á nýju ári!





Hlökkum til samstarfsins





Skólaárið 2010- 2011


- 5 hópstjórafundir
 - Undirbúningur fyrir annirnar og umsjón
- 4 miðvikudagsfundir
 - Allt starfsfólk og umsjón
 - Fundargerðirnar
- 11 umsjónarfundir þar af 2 með Heiðu
- Menntaverðlaun Suðurlands J
 - Áhugi annarra aðila á Skólanum í okkar höndum



Skólaárið 2011-2012

- Olweus á sömu nótum
- Skólabragur
 - Námsbrautaframboð? Réttindi og skyldur? Gildi FSu?
 - Gildin fimm frá menntamálaráðherra?
- Dagamunur á sömu nótum
- Heilsueflandi FSu
 - Innleiðing með stýringu frá Lýðheilsustöð
- Afmæli FSu: Skólinn í okkar höndum sýnilegur





Nýnemadagur 2010 og Komdu með út í geim/ stjörnumerkjadagar

Hrútur	Naut	Tvíburi
Krabbi	Ljón	Meyja
Vog	Sporðdreki	Bogmaður
Steingeit	Vatnsberi	Fiskur

Haut 2010
Fjölbrautaskóli Suðurlands

3. desember 2010

Örlygur Karlsson skólameistari FSu

Agnes Ósk Snorradóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Íris Þórðardóttir

Efnisyfirlit

Aðkoma Sveitarfélaganna að styrkumsókn til Lýðheilsustöðvar	26
Nýnemadagur	28
Tímatafla - stöðvavinna	29
Nýnemadagur-uppgjör	30
Komdu með út í geim	34
Skipulag:.....	36
Ýmsar töflur:	37
Tafla 1: liðstjórar nemenda.....	37
Tafla 2: Kennararnir sem tóku að sér að halda utan um boladreifingu ásamt liðstjórum:.....	38
Tafla 3: Fjöldi bola	39
Tafla 4: Skipan í stofur miðvikudaginn 6. október kl. 10:40.....	39
Uppgjör komdu með út í geim-uppgjör	39
Fylgiskjöl	40

Aðkoma Sveitarfélaganna að styrkumsókn til Lýðheilsustöðvar

Þau sveitarfélög sem stóðu að baki styrkumsókn til Lýðheilsustöðvar voru Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Rangárþing Ytra og Flóahreppur.

Árið 2009 óskuðu fulltrúar frá þessum sveitarfélögum eftir fundi með stjórnendum, forvarnarteymi og nemendafélagi FSu. Tilgangur fundarins var að kynnast betur því starfi sem unnið er í skólanum og var þá sérstaklega litið til forvarnarþáttarins sem og að bjóða fram þá aðstoð sem hægt væri til að styrkja forvarnarstarfið í skólanum og tengja það betur starfi sveitarfélaganna í forvarnarmálum. Sá fundur gekk vel og komu fram nokkrar hugmyndir sem unnið var með áfram.

Eitt af þeim málum sem unnið var með var viðhorf 10.bekkinga á inngöngu í skólann og þeirra upplifun á fyrstu dögnum í skólanum. Einnig var rætt um hópaskiptinguna innan FSu þar sem sú hefð hefur skapast að hver bæjarkjarni á sitt svæði. T.d. Hveragerðingar og Selfyssingar sitja á ákveðnum stað í húsinu. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar til að brjóta upp þessar hefðir en upp frá þessari vinnu kom skólinn með hugmynd um sérstakan þemadag sem fékk heitið Komdu með út í geim/ stjörnumerkjadagar sem haldnir voru í fyrsta sinn á vorönn 2009.

Þemadagarnir þóttu takast svo vel að þeir eru nú orðnir að reglulegum viðburði í skólanum sem er mjög ánægjulegt.

Eftir að Komdu með út í geim/stjörnumerkjadagar urðu að veruleika kom síðan upp sú hugmynd að byrja með sérstakan nýnemadag en það hafði verið í bígerð lengi hjá skólanum að koma upp slíkum degi. Þess má geta að niðurstöður úr Olweusarkönnun bentu einnig til þess að hlúa þyrftir að þessum þætti skólastarfsins. Á nýnemadegi mæta nýnemar einum degi fyrr í skólann þar sem þeim er kynnt starfið og gefin möguleiki á að kynnast aðeins áður en eldri nemendur mæta í skólann. Það er mikilvægur þáttur í forvarnarstarfinu að skólinn taki hlýlega á móti nýnenum og auki öryggi þeirra með því að kynna hann sérstaklega á svona degi. Fulltrúar FSu óskuðu eftir samstarfi við sveitarfélögin enda væru flestir 10 bekkingar að koma í skólann frá sveitarfélögnum á Suðurlandi. Úr varð að þessi sveitarfélög sem nefnd eru að ofan stóðu saman að umsókn fyrir verkefninu sem hefur nú farið fram og tekist mjög vel.

Fyrir hönd umsækjenda

Bragi Bjarnason
iþróttá- og tómsfundafulltrúi Árborgar
Sveitarfélagið Árborg,
Austurvegi 2,
800 Selfoss.
Sími 480 1900
bragi@arborg.is, www.arborg.is

Nýnemadagur

Meðal þeirra verkefna sem Fsu hefur unnið að undanfarið er innleiðing Olwusaráætlunarinnar í skólann. Innleiðingin fól í sér mikla hópavinnu hjá starfsmönnum skólans þar sem ýmis málefni voru rædd, þar á meðal skólabragur og hvernig væri hægt bæta móttöku nýnema. Í kjölfarið var ákveðið að gera tilraun með svokallaðan nýnemadag. Markmið dagsins var að gefa nýnemum tækifæri á að kynnst skólanum á jafningjagrundvelli, þ.e. að koma inn í skólann í fyrsta sinn án þess að vera umkringdir eldri nemendum og fá tíma til að ná áttum. Nýnemadagur var haldinn 20. ágúst og þótti takast mjög vel. Dagskrá dagsins var eftirfarandi (sjá jafnframt meðfylgjandi töflu):

Föstudagur 20. ágúst:

Nýnemadagur: Rútuferðir verða á öllum akstursleiðum (sjá nánar í tilkynningum á heimasíðu skólans).

09:00 Nýnemar mæta til umsjónarkennara sinna og fá gögn, stundatöflur, bókalista og þess háttar.

09:15 Umsjónarkennarar fylgja nýnemum á sal þar sem þeir eru boðnir velkomnir í skólann og þeim jafnframt skipt í 7 hópa. Gert er ráð fyrir 15-20 mínútna stoppi á hverri stöð. Nemendur fá gögn um stöðvar og tímatöflu.

09:30 Stöðvavinna hefst

12:00 Ratleikur um skólann ræstur frá sal. Hóparnir fá í hendur kort af skólanum og leiðbeiningar. Ratleikurinn hefur það að markmiði að ýta undir hópefli, auk þess sem nemendur læra að rata um skólann. Gert er ráð fyrir að nemendum verði skipt í ca. 12 hópa og hóparnir auðkenndir með lit. Ratleikur endar í Iðu með kynningu frá nemendaráði.

13:00 – 14:00 Nemendur hittast í mötuneyti og nemendaráð hjálpar til við mat. Bóksala opin frá kl. 13:00.

14:30 Rútur fara heim.

Nemendaráð hafði umsjá með ratleik og hjálpaði til við stöðvavinnu. Starfsmenn skólans sáu um kynningar og utanumhald. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði framhaldið næsta svipuðu sniði, þar sem mikil ánægja var meðal nemenda og starfsfólks með daginn.

Tímatafla – stöðvavinna 20. ágúst 2010

Klukkan	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5	Hópur 6	Hópur 7
	SGI	MT	LB	RES	KHB	EY	ÆS
09:30	Tölvur stofa 306	I Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötune yti	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 303 I
09:50	Tölvur stofa 306	II Tölvur stofa 303	I Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötun eyti	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310	Bókasafn/ skrifstofa
10:10	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 303	II Tölvur stofa 306	I Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötune yti	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310
10:30	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 306	II Tölvur stofa 303	I Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötune yti	Lesið í gögn stofa 210
10:50	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 303	II Tölvur stofa 306	I Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötune yti
11:10	Rætt saman Nemendamötune yti	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf - stofa 310	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 306	II Tölvur stofa 303	I Myndataka stofa 201
11:30	Myndataka stofa 201	Rætt saman Nemendamötun	Lesið í gögn stofa 210	Náms og starfsráðgjöf-stofa 10	Bókasafn/ skrifstofa	Tölvur stofa 303	II Tölvur stofa 306 II

Hér sést hvernig kynningum á nýnemadegi var skipt niður



Mynd: Starfsfólk skrifstofu kynnir nýnemum þjónustu sína.
Starfsfólk var beðið um að meta hvernig til hefði tekist og kom eftirfarandi fram hjá þeim:

Nýnemadagur-uppgjör

- Skipulagið gekk upp í heild og tímalengd passleg (allir búnir að borða kl. 14 þó að ratleikur færi 30 mín. framyfir)
- Athuga þarf
 - Byrja í salnum síðan í umsjón og aftur í hópaskiptingu í sal
 - Hópaskipting í miðrymi vegna plássleysis
 - Fleiri nafnalistar og dreifðari
 - Hafa grænmetisborð á 2.hæð líka en stöð
- Kom vel út að enda á ratleik- e-u skemmtilegu
- Nemendaráð ánægt með ratleikinn og framkvæmdina í heild

- Hópstjórar þurfa að vera opnir og spjalla við nemendur, vera virkir ef það verður hlé á stöðvarvinnu eða bil á milli stöðva
- Möguleiki á því að nemendaráð byrji á því að kynna sig og síðan farið í ratleik sem myndi enda í mötuneytinu- þetta er samt ekki stórmál bara spurning?

Athugasemdir frá starfsfólki

- Ánægja með daginn sem slíkan
- Maturinn hugsanlega fyrr á dagskrá
- Mögulega skipuleggja snarl á fleiri en einni stöð
- Fleiri nafnalistar með umsjónarstofum
- Merkingar sem gefa til kynna hvar á að leita upplýsinga um stofur*
- Frábær nýbreytni og gaman að fá að taka þátt
- Tölvukynning mikilvæg, veitir ekki af því að hafa tvöfaldan tíma þar, tími dugði
- Hefði verið gott að hafa umsjónarkennara með vegna þess að sumir komu of seint og höfðu ekki gulu spjöldin*
- Hafa fleiri hópa í heildina svo að allir fái sæti í skólastofum
- Mér fannst þetta takast mjög vel
- Nýnemar mjög svangir þegar ratleikur byrjaði
- Myndartaka, bókasafn og skrifstofa tók minni tíma en hinar stöðvarnar, möguleiki á því að sameina?

*þessir þættir myndu leysast ef nýnemar myndu byrja í salnum



Mynd: Boðið var upp á heilsusnakk á meðan stöðvavinnu stóð.



Mynd: Starfsfólk bókasafns kynnr nýnemum þjónustu sína.



Teknar voru myndir af öllum nýnemum



Nemendaráð stýrði ratleik um skólann

Komdu með út í geim

Niðurstöður rannsókna sýna að hópaskipting í framhaldsskólum er algeng. Neikvæða hópamyndun skilgreinum við sem neikvætt flæði milli hópa, þar sem nemendur hafa ekki jafnan aðgang að öllum hópum. Hóparnir eru lokaðir á þann hátt að utanað komandi er gert ljóst með orðum, hegðun og látbragði (hunsun, höfnun, baktal eða hótanir) að hann eigi ekki heima þar. Sé þessi hegðun endurtekin fellur hún undir skilgreiningu á einelti.

Komdu með út í geim-stjörnumerkjadagar voru settir á laggirnar með það í huga að vinna með neikvæðar hópamyndanir í FSu sem birtingarmyndir eineltis. Uppbrotið fór fram dagana 6.- 7. Október. Undirbúningur var í höndum forvarnarteymi skólans en einnig var hugmyndavinna með starfsfólki og nemendum.

Öllum nemendum og starfsfólki skólans var skipt niður eftir stjörnumerkjum. Hvert stjörnumerki fékk ákveðið svæði innan skólans sem því var gert að halda sig í frímínútum, hádegi og í fundargati. Hver einstaklingur fékk einnig bol með einkennandi lit og merki síns stjörnumerkis. Með þessu móti er hópunum skipt upp, nemandi situr ekki þar sem hann er vanur að sitja og óskrifuðum lögum um það hvar hver á að sitja er gefið langt nef.



Vogirnar marseruðu um skólann



Hrútarnir jörmuðu í kór



Steingeiturnar fundu "geit"



Krabbarnir sátu á rökstólum



Fiskarnir "syntu og syntu og syntu út um allt



Hvað eru tvíburarnir að gera?



Nautin báru hvort annað í kóngastól



Ljónin fóru í kisuleik



Sporðdrekarnir smíðuðu mannlegan píramída

Skipulag:

Fundur með hópstjórum/liðsstjórum stjörnumerkja fór fram 4. október, sjá fylgiskjal 1
Skipulag fyrir 6- 7.október, komdu með út í geim

Klukkan	Miðvikudagur 6. október
7:50	Bolum dreift í miðrymi, hópstjórar og einn kennari ábyrgir fyrir hvert merki. Merkt er við á nemendalista hverjir fá boli
11:30	Er hleypt fyrr út úr tíma og hvert stjörnumerki fundar í fyrirfram ákveðnum stofum. Upplýsingar um Stjörnumerki og stofur verða hengdar upp víða um skólann og í öllum skólabyggingum
11:35	Nemendur fara í stofur fyrir sitt stjörnumerki og funda þar undir stjórn hópstjóra. Þar verður ákveðið hvað merkið kemur til með að gera saman þessa tvo daga. Gott að hafa þjöppu ef hægt er. Hópstjórar reyna að virkja alla
11:05	Stjörnumerkin koma fram og fara á sín svæði og byrja að skemmta sér J
11:45	Öll merki eiga að koma með e-a uppákomu sem er lýsandi fyrir þeirra merki
	Fimmtudagur 7. október
12:30	Úrslit verða kynnt

Komdu með út í geim 6. – 7. október

Hvað er það? (upplýsingar sem hengdar voru upp fyrir nemendur skólans)

- Þetta er leikur (geim) þar sem öllum einstaklingum í skólanum er skipt niður eftir stjörnumerki.
- Hvert stjörnumerki fær merkt svæði þar sem því er gert að halda sig í götum, frímínútum og hádegi þessa tvo daga
- Mikilvægt er að vera í bolunum þessa tvo daga
- Þetta er keppni þar sem dæmt er eftir
 - heildarsvip hvers stjörnumerkis, samheldni, þátttöku, torfumyndun
 - Hversu vel persónueinkenni hvers stjörnumerkis kemur fram
 - Utanumhald hópstjóra

Ýmsar töflur:**Tafla 1: liðstjórar nemenda**

Naut	Tvíburar	Meyjur	Ljón	Vatnsberar	Bogamenn
Ólafur Jósef Ólafsson	Orrí Davíðsson	Gunnar Már Hauksson	Anna María Friðgeirsd.	Jón Grétar Jonasson	Arnar Freyr Guðmundss.
Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir	Þór Davíðsson	Karitas Gunnarsdóttir	Svanur Þór Sigurðsson	Sara Árnadóttir	Heiðrún Helga
Kristín Brynja Arnadóttir	Alexander F. Olgeirsson	María Björg Gunnarsdóttir	Óskar Örn Hróbjartsson	Aldís Baldursdóttir	Sveinn F. Brynjarsson
	Anton Guðjónss.				

Spordrekar	Krabbar	Fiskar	Steingeitur	Vogir	Hrútar
Matthías Klith Harðarson	Jóhanna Ómarsdóttir	Eypór Ingi	Sigurlinn	Margrét B. Guðmundsd.	Rakel Guðmundsd.
Hildur Öder	Harpa Vignisdóttir	Kolbrún	Karitas Harpa	Áslaug Ýr Bragadóttir	Laufey Rún
Vigdís Lea	Kolfinna Bjarney	Þórunn Ásta Helgadóttir	Snorri Þorvaldss.	María Þrastardóttir	Jóhanna Margrét Einarsdóttir
	Dagur Fannar	Eyrún Ída Guðjónsd.			
	Margrét Katrín Jónsd.	Bríet			

Tafla 2: Kennararnir sem tóku að sér að halda utan um boladreifingu ásamt liðstjórum:

Sporðdreki	Kristjana Hrund Bárðardóttir.
Meyja	Jóna Ingvarsdóttir/ Íris Þórðardóttir.
Vog	Guðfinna Gunnarsdóttir.
Hrútur	Hulda Finnlaugsdóttir.
Vatnsberi	Svanur Ingvarsson.
Bogmaður	Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir.
Ljón	Ægir Pétur Ellertsson.
Steingeit	Elisabet Harðardóttir/ Guðmundur B.Gylfason.
Fiskur	Sverrir Geir Ingibjartsson.
Naut	Ægir Sigurðsson.
Tvíburi	Ester Ýr Jónsdóttir.
Krabbi	Hörður Ásgeirsson

Tafla 3: Fjöldi bola

Merki:	Nemendur:	Starfsfólk:	Samtals:
Fiskar	79	9	88
Hrútur	79	11	90
Naut	79	7	86
Tvíburar	107	10	117
Krabbar	89	5	94
Ljón	81	7	88
Meyja	81	12	93
Vog	89	14	103
Sporðdreki	64	10	74
Bogamaður	84	17	101
Steingeit	58	11	69
Vatnsberi	75	10	85
Samtals:	965	123	1088

Tafla 4: Skipan í stofur miðvikudaginn 6. október kl. 10:40

Stjörnumerki	Stofa	Stjörnumerki	Stofa
Hrútur	202	Vog	207
Naut	203	Sporðdreki	208
Tvíburar	201	Bogamaður	209
Krabbi	204	Steingeit	210
Ljón	205	Vatnsberi	211
Meyja	206	Fiskur	212


Uppgjör komdu með út í geim-uppgjör

1. Nýta þekkingu úr Flóafári varðandi hópstjóraeflingu og byrja fyrr að fá hópstjóra og funda hugsanlega oftari með þeim
2. Ekki hafa dagana á kafi í miðannarmati og val – eftir miðjan október- hugsanlega í sömuviku og haustfrí.
3. Vegna fundargats á miðvikudögum – hafa bara einn stóran dag.
4. Hópstjórar þurfa að halda fólkinu sínu betur á svæðum sínum í frímó og hádegi
5. Spurning hversu oft þetta á að vera -
6. Búa til stjórnudaganefnd – til undirbúnings.
7. Kostnaður vegna bola yrði minni og dreifðari ef að dagarnir væru annað hvert ár.
8. Það sem gekk betur
9. Sýnilegra fyrr
10. Nemendur farnir að spá í þetta fyrr
11. Kósíhorn kom vel út
12. Góð þátttaka
13. Mikil virkni og sprengikraftur og gleði
Mikill áhugi á plakötum og upplýsingum

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1
Glærur frá fundi með hópstjórum 4. Október
Fylgiskjal 2
Eyðublöð fyrir dómara
Fylgiskjal 3
Pöntunarstaðfesting frá Bros
Fylgiskjal 4
Önnur gögn

Skólinn í okkar höndum:
Heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu nemenda og starfsfólks – til eflingar lærdómssamfélagi FSu.



Heilsueflandi framhaldsskóli



Markmiðið er að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanema.

Rannsóknir hafa sýnt að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda og stuðlar að betri námsrángri.



Heilsueflandi framhaldsskóli

2011-2012	
2012-2013	
2013-2014	
2014-2015	

- Eitt viðfangsefni er sýnilegt hverju sinni.
- Þau taka við hvert af öðru um ókomna tíð.
- Þau eru jafn mörg námsárum flestra framhaldsskólanema.



Markmið

- Heildstæð forvörn líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu nemenda og starfsfólks – til eflingar lærdómssamfélagi FSu.



Komdu með út í geim

Gegn Eigneti